



18. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 16. febrúar 2001

Dagskrá:

1. Kjarasamningar
2. Starfsreglur Styrktarsjóðs.
3. Orlofsmál.
4. Önnur mál.

Fundur settur kl. 14:00

1. Kjarasamningar.

Viðræður við launanefnd sveitarfélaga ganga ekkert, hefur verkfall verið boðað næstkomandi miðvikudag þar sem ekki er orðið við okkar kröfum um sambærileg laun og í öðrum kjarsamningum RSÍ.

Miðstjórn heimilaði framkvæmdastjórn að greiða úr vinnudeilusjóði frá fyrsta verkfallsdegi ef á þarf að halda. Framkvæmdastjórnin fékk það veganesti að þess skyldi gætt að styrkirnir yrðu það háir að ljóst yrði strax, að verkfallsmenn yrðu ekki sveltir til hlýðni.

Landsvirkjunarsamningurinn

Samningur RSÍ v/FÍS við Landsímamann

Samningur RSÍ v/Rafeindavirkja og símsmiða við Landsímamann

Samningur RSÍ við Steinullarverksmiðjuna

Samningur RSÍ við Sementsverksmiðjuna

Samningur RSÍ við Selfossveitur

Þessir samningar voru lagðir fram og staðfestir af miðstjórn.

Greint var frá nýjum samningi við Ísal en hann er í atkvæðagreiðslu og verður kynntur síðar.

Samningur við Kísiliðjuna lagður fram, Miðstjórn lýsti yfir stuðningi við afgreiðslu FÍR en þar var samningnum hafnað.

2. Starfsreglur Styrktarsjóðs.

Lögð voru fram drög að starfsreglum fyrir styrktarsjóð rafiðnaðarmanna

og voru samþykkt óbreytt.

3. Orlofsmál.

Kynnt bréf frá Félagi húseigenda á Spáni um flugferðir til Alecante.

Eftir inngöngu FÍS í RSÍ hafa þeirra orlofseignir verið nýttar af RSÍ félögum og FÍS menn getað nýtt sér aðrar orlofseignir RSÍ. Hvernig ganga á formlega frá þessum málum er nú í

athugun hjá lögmönnum.

Framkvæmdir við stóra hús við Apavatn og íbúð í Ljósheimum ganga samkvæmt áætlun og ætti hvort tveggja að vera komið í útleigu í byrjun mars.

4. Önnur mál.

Kynnt var tryggingarfræðileg úttekt á Lífiðn.

Lagt fram bréf frá ASÍ þar sem boðað var til fundar vegna tryggingarmála. Samþykkt að fylgjast með málinu.

Fundir og námskeið.

Ákveðið var að sækja fund danskra rafiðnaðarmanna í haust, þing alþjóða byggingamannasambandsins 3. til 5. sept. og ársfund norræna bygginga-mannasambandsins í apríl.

Ákveðið var að senda menn á námskeið hjá MFA nú í mars.

Fundi slitið kl. 16:30, Haukur Ágústsson.